



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

KLASSÍKIN OKKAR



2. SEPTEMBER 2016

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu í Sjónvarpinu og á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

Áætluð tímalengd:

Fyrri hluti: 45'

Seinni hluti: 45'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNeytt



Reykjavíkurborg

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

KLASSÍKIN OKKAR

Daniel Bjarnason

hljómveitarstjóri

**Víkingur Heiðar Ólafsson
og Sigrún Eðvaldsdóttir**

einleikarar

**Póra Einarsdóttir, Sigríður
Ósk Kristjánsdóttir, Elmar
Gilbertsson og Kristinn
Sigmundsson**

einsöngvarar

Óperukórinn í Reykjavík

Garðar Cortes kórstjóri

Söngsveitin Fílharmónía

Magnús Ragnarsson kórstjóri

Mótettukór Hallgrímskirkju

Hörður Áskelsson kórstjóri

**Halla Oddný Magnúsdóttir
og Guðni Tómasson**

kynnar

EFNISSKRÁ

Richard Wagner

Valkyrjureiðin, úr Valkyrjunn (1856)

Johannes Brahms

Ungverskur dans nr. 5 (1869)

Edvard Grieg

Í höll Dofrakonungs (1875)

Carl Orff

O fortuna, úr Carmina Burana (1936)

Pjotr Tsjajkovskij

Píanókonsert nr. 1, fyrsti þáttur (1874)

HLÉ

Johann Sebastian Bach

Air úr hljómveitarsvítu nr. 3 (um 1730)

Antonio Vivaldi

Vorið, fyrsti þáttur (1725)

Maurice Ravel

Bolero (1928)

Ludwig van Beethoven

Óðurinn til gleðinnar, úr Sinfóníu nr. 9 (1824)

KÆRU TÓNLEIKAGESTIR

Samstarf Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpsins á sér langa og samofna sögu. Sinfóníuhljómsveit Íslands varð til á vettvangi Ríkisútvarpsins og fyrir tilstuðlan útvarpsráðs sem samþykkti í febrúar 1950 að starfrækja í tilraunaskyni sinfóníuhljómsveit. Síðan eru liðin 66 ár. Þó svo að rekstrarform bæði RÚV og Sinfóníuhljómsveitarinnar hafi breyst á þessum áratugum hefur sambandið haldist órofið. RÚV hefur útvarpað tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldum svo lengi sem elstu menn muna og þannig gert Sinfóníuhljómsveit Íslands kleift að rækja hlutverk sitt sem hljómsveit allra landsmanna – þjóðarhljómsveit.

Í kvöld er boðið upp á sannkallaða veislu þar sem gnægtaborðið svignar af fegurstu og kröftugustu verkum tónbókmenntanna.

Í árána rás hafa útsendingarmöguleikar breyst í takt við þróun tækninnar. Síðustu ár hefur RÚV tekið upp valda tónleika og sýnt beint frá tónleikum hljómsveitarinnar í Ríkissjónvarpinu. Þar er því vel við hæfi að Sinfóníuhljómsveit Íslands og RÚV haldi upp á 50 ára afmæli Ríkissjónvarpsins með því að gefa þjóðinni færi á að setja saman sína eigin efnisskrá með uppáhalds tónverkum sínum. Þúsundir Íslendinga völdu þau verk sem flutt verða hér í kvöld af framvarðarsveit íslenskra litamanna. Og það er óhætt að segja íslenska þjóðin hafi góðan smekk á tónlist því í kvöld er boðið upp á sannkallaða veislu þar sem gnægtaborðið svignar af fegurstu og kröftugustu verkum tónbókmenntanna.

Þegar verkin sem flutt verða hér í kvöld voru samin var tónlistiðkun landsmanna aðallega bundin við baðstofur torfbæja þar sem raulaðar voru rímur og sagðar sögur. Á erfiðum tímum fátæktar og vosbúðar var það án efa sú iðja sem hélt lífi í fólki. Nú er baðstofan okkar Eldborg. Enn er það þörfin fyrir hvert annað og að njóta og finna til saman í gegnum tónlist og sögur sem leiðir okkur áfram. Þess vegna er setið í hverju sæti í salnum og í sófunum heima. Við bjóðum ykkur velkomin á tónleikana og vel að njóta.

Arna Kristín Einarsdóttir

framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Magnús Geir Þórðarson

útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins



DANÍEL BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómsveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómsveita og má þar nefna Filharmóníuhljómsveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómsveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómsveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómsveitina, Ulster-hljómsveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann er mikils metið tónskáld og hefur gefið út þrjú hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013).

Daníel Bjarnason er staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og gegnir margþættu hlutverki bæði sem hljómsveitarstjóri og tónskáld, ásamt því að sitja í verkefnavalsnefnd hljómsveitarinnar og stýra tónskáldastofu.



VÍKINGUR HEIÐAR ÓLAFSSON

EINLEIKARI

Víkingur Heiðar Ólafsson þreytti frumraun sína með Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2001 og hefur síðan komið fram með þekktum tónlistarmönnum og hljómsveitum. Leikur hans hefur víða hlotið umfjöllun og lof. Í vetur kemur hann meðal annars fram sem einleikari með Fílharmoníusveit Los Angeles, Útvarpshljómsveitinni í Leipzig, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Elbphilharmonie í Hamborg með stjórnendum á borð við Esa-Pekka Salonen, Lawrence Foster, Yan Pascal Tortelier og Kristjan Järvi, auk þess að halda einleikstónleika í Konzerthaus í Vín og Symphony Hall í Birmingham. Í febrúar 2016 stýrði Víkingur í fyrsta sinn Vinterfest-tónlistarhátíðinni í Svíþjóð. Hann stýrir áfram Reykjavík Midsummer Music-tónlistarhátíðinni í Hörpu sem hann stofnaði árið 2012. Víkingur vann að gerð sjónvarpsþáttanna Útúrdúr sem voru á dagskrá RÚV árin 2013–15 og hefur gefið út þrjá geisladiska hjá útgáfufyrirtæki sínu Dirrindí. Í fyrrahaust gaf Deutsche Grammophon út heildarverk Igors Stravinskíj en þar er m.a. að finna nýjar upptökur með leik Víkings. Hann hefur fjórum sinnum verið valinn flytjandi ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum.



SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR

EINLEIKARI

Sigrún Eðvaldsdóttir hóf fiðlunám hjá Gígju Jóhannsdóttur en lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1984 undir handleiðslu Guðnýjar Guðmundsdóttur og bakkalárgráðu frá Curtis-tónlistarháskólanum í Filadelfíu 1988. Hún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna; varð í öðru sæti í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, hlaut bronsverðlaun í Síbelíusar-keppninni árið 1990 og önnur verðlaun í Carl Flesch-keppninni árið 1992. Sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun Bröste. Hennar er getið sem eins af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók Henrys Roth, *Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century*. Sigrún hefur gegnt stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1998 og margoft komið fram sem einleikari með hljómsveitinni. Árið 1998 var Sigrún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar.



ÞÓRA EINARSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Þóra Einarisdóttir sópransöngkona stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík og Guildhall School of Music and Drama. Hún steig fyrst á svið Íslensku óperunnar 18 ára gömul í einsöngshlutverkum í *Rigoletto* og í *Töfraflautunni* og kom fram sem einsöngvari á Vínartónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1995 á meðan hún var enn í námi. Hún var fastráðin við óperuhúsið í Wiesbaden í Þýskalandi um sjö ára skeið og hefur sungið við fjölmörg óperhús um gjörvalla Evrópu. Þóra kemur reglulega fram á tónleikum á Íslandi og erlendis. Meðal hljómsveitarstjóra sem Þóra hefur unnið með eru Sir Neville Marriner, Osmo Vänskä og Vladimir Ashkenazy.

Á ferli sínum hefur Þóra hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir söng og framlag sitt til tónlistar m.a. Dannebrog-orðuna og hina íslensku fálkaorðu. Þóra hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin 2016 fyrir flutning sinn á tveimur verkum Sibeliusar með Sinfóníuhljómsveit Íslands, *Kullervo* og *Luonnotar*.



SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzósópran syngur reglulega í óperum, óratórium og ljóðatónleikum hérlandis og erlendis. Hún hefur sungið fjölda óperuhlutverka m. a. í *Love and Other Demons* eftir Peter Eötvös, í *Jakob Lenz* eftir Wolfgang Rihm, Waltraute í *Valkyrjunum*, Arcane í *Teseo* og Rosinu í *Rakaranum frá Sevilla*. Sigríður lauk söng- og píanókennaranámi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík, Artist Diploma og meistaraþáttu frá Royal College of Music í London. Hún sækir nú tíma hjá Sigríði Ellu Magnúsdóttur. Sigríður Ósk hefur sungið í virtum tónleikasölum eins og Royal Albert Hall, Kings place og Cadogan Hall í London, þar söng hún ásamt Dame Emma Kirkby en tónleikunum var útvarpað á Classic FM. Söng Sigríðar má heyra á geisladiski „Engel Lund’s Book of Folksongs“. Sigríður er meðlimur í tónlistarhópnum Symhonia Angelica og fluttu þau barokkdagskránna Lucrezia á Listahátíð 2016. Sigríður var tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2016.



ELMAR GILBERTSSON

EINSÖNGVARI

Elmar Gilbertsson útskrifaðist frá Söngskóla Sigurðar Demetz vorið 2007. Eftir það lá leiðin til Amsterdam í Hollandi þar sem hann nam óperusöng við Tónlistarháskólann í Amsterdam og Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag. Kennarar hans þar voru Jón Þorsteinsson og Peter Nilson. Elmar hefur starfað við Óperustúdíó Hollensku óperunnar og óperuna í Maastricht í Hollandi, ásamt lausráðningum við óperuhús víðsvegar um Evrópu. Elmar hefur sungið og túlkað allnokkrar af persónum óperubókmenntanna m.a. Tamino í *Töfraflautunni*, Don Ottavio í *Don Giovanni*, Elvino í *La Sonnambula* og hertogann í *Rigoletto* eftir Verdi.

Elmar hefur tvívegis hlotið Grímuverðlaunin í flokknum söngvari ársins og hlaut einnig Íslensku tónlistarverðlaunin 2014 sem söngvari ársins í flokki sigildrar og samtímatónlistar.



KRISTINN SIGMUNDSSON

EINSÖNGVARI

Kristinn Sigmundsson er einn ástsælasti söngvari íslensku Þjóðarinnar og stendur nú á hátindi ferils síns. Hann hefur komið fram í flestum stærstu tónlistar- og óperuhúsum heims og nægir þar að nefna La Scala í Mílanó, Ríkisóperuna í Vínarborg, Þjóðaróperuhúsin í París og Metropolitan óperuna í New York. Hann hefur tekið þátt í ýmsum hljóðritunum með erlendum hljómsveitum, m.a. *Töfraflautunni* og *Don Giovanni* með hljómsveit Drottningholm-óperunnar og *Matteusarpasíu* og *Jóhannesarpasíu* Bachs með Orchestra of the Eighteenth Century.

Nýverið hefur Kristinn m.a. sungið í *The Ghosts of Versailles* eftir John Corigliano, *Brúðkaupi Figarós* og *Rakaranum í Sevilla* í óperunni í Los Angeles. Meðal viðurkenninga sem hann hefur hlotið eru Philadelphia Opera Prize og Opernwelt-verðlaunin í Belvedere óperusöngvarakeppninni í Vínarborg árið 1983 og Íslensku tónlistarverðlaunin 1995, 2010, 2011, Grímuverðlaunin sem söngvari ársins 2016 og Heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2016. Hann hlaut riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 1995.

ÓPERUKÓRINN Í REYKJAVÍK

KÓRSTJÓRI GARÐAR CORTES

Óperukórinn hefur skapað sér sterkan sess í íslensku tónlistarlífi og hefur hlotið mikið lof gagnrýnenda og áheyrenda. Garðar Cortes stofnaði kórinn árið 1973 og hefur stjórnað honum frá upphafi, fyrst sem Kór Söngskólans í Reykjavík, 1979–2003 sem Kór Íslensku óperunnar og nú sem Óperukórnum í Reykjavík.

Kórinn hefur staðið að umfangsmiklu tónleikahaldi, mannaði öll verkefni á óperusviði Íslensku óperunnar frá upphafi til 2004, og hefur sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Kórinn hefur farið í tónleikaferðir víða um Evrópu og í tvígang hefur hann sungið á aðalsviði Carnegie Hall í New York. Meðal hlutverka kórsins á sviði má nefna *Don Giovanni*, *Brúðkaup Figarós*, *La traviata*, *Il trovatore*, *La Bohème* og *Hollendinginn fljúgandi*. Þá hafa komið út á hljómdiskum m.a. Sálumessa Verdis og 9. sínfónía Beethovens þar sem kórinn syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA

KÓRSTJÓRI MAGNÚS RAGNARSSON

Þegar Söngsveitin Filharmónía var stofnuð fyrir rúmum 55 árum voru aðstæður til tónlistarflutnings ólíkar því sem nú gerist. Sinfóníuhljómsveit Íslands hafði þá starfað í tíu ár og þótti áhugafólki og atvinnumönnum nauðsynlegt að stofna kór sem ætlað væri að flytja stór kórverk með hljómsveitinni. Dr. Róbert A. Ottósson gegndi þá forystuhlutverki í tónlistarlífi á Íslandi og fyrir tilstilli hans og annarra var komið á fót félaginu Filharmóníu, sem skömmu síðar stofnaði Söngsveitina. Fyrstu tónleikar Filharmóníu og Sinfóníuhljómsveitarinnar voru haldnir í Þjóðleikhúsinu vorið 1960 og var *Carmina Burana* þá frumflutt hér á landi. Kórinn hefur í samstarfi við Sinfóníuhljómsveitina tekið þátt í flutningi fjölmargra sígildra verka eftir meistara tónbókmenntanna eins og Beethoven, Bach, Brahms, Händel, Haydn og Mozart. Stjórnandi Filharmóníu frá árinu 2006 er Magnús Ragnarsson. Yfirlit yfir tónleika Söngsveitarinnar frá upphafi er á heimasíðunni www.filharmonia.is

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

KÓRSTJÓRI HÖRÐUR ÁSKELSSON

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur lengi verið meðal fremstu kóra Íslands. Kórinn hefur á ferðum sínum sungið í helstu dómkirkjum Evrópu, tekið þátt í tónlistarhátíðum og unnið til verðlauna í alþjóðlegum kórkeppnum á Írlandi og Spáni. Kórinn hefur sungið inn á marga geisladiska m.a. verk eftir Duruflé, Hafliða Hallgrímsson, Hauk Tómasson og Jón Leifs. Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt á síðustu árum má nefna Matteusarpassíu, Jóhannesarpassíu Jóláoratoríu og H-moll messu J.S. Bachs, sálumessur eftir Mozart, Duruflé og Fauré, óratoríurnar *Elia* og *Paulus* eftir Mendelssohn, *Vesper* eftir Rachmaninoff, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og *Þýska sálumessu* eftir Johannes Brahms.

Árið 2015 flutti Mótettukórinn Passíu Hafliða Hallgrímssonar og í fyrsta sinn á Íslandi óratoríuna Salómon eftir Händel, en fyrir þann flutning var kórinn tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins í flokki sigilddrar tónlistar. Framundan á þessu ári er tónleikaferð til Tékklands í september, hátíðartónleikar í október í tilefni af 30 ára vígsluafmæli Hallgrímskirkju og hinir árlegu jólatónleikar Mótettukórsins í desember.





RICHARD WAGNER

VALKYRJUREIÐIN, ÚR VALKYRJUNNI

Niflungahringur Richards Wagner (1813–1883) er vafalaust metnaðarfullsta óperuflokkur sögunnar. Alls eru óperurnar fjórar – *Rínargullíð*, *Valkyrjan*, *Sigurður Fáfnisbani* og *Ragnarök* – og taka samanlagt um fimmtán klukkustundir í flutningi. Söguefnið er líka viðamikilið, sköpun heimsins og endalok hans. Wagner leitaði fanga bæði í þýska miðaldakvæðinu *Nibelungenlied* og íslenskum sagnaarfi, ekki síst Eddukvæðum, *Snorra-Eddu* og *Völsunga sögu*.

Í *Valkyrjunni* hefur Óðinn, sem er æðstur guða, einsett sér að eignast Niflungahringinn sem gæddur er miklum töfrum. Hann hefur feðrað fríðan flokk dætra, valkyrjur sem hafa það hlutverk að kjósa hvaða stríðsmenn falla í bardaga. Ein þeirra, Brynhildur, fer gegn boðum föður síns með því að liðsinna Sigmundi, hálfbróður sínum, í einvígi. Skjaldmeyjarnar systur hennar þjóta um loftin blá og reyna að koma henni í skjól meðan hljómsveitin leikur hina dramatísku Valkyrjureið.




JOHANNES BRAHMS

UNGVERSKUR DANS NR. 5

Á 19. öld naut ungversk tónlist hylli bæði innanlands og utan, ekki síst sígaunamúsík sem kölluð var *style hongrois* á frönsku. Þessi tónlist var frjálslega spiluð og þrúngin tilfinningum, ýmist hæg og seiðandi eða hröð og glæsileg. Johannes Brahms kynntist þessari tónlist frá fyrstu hendi. Eftir mislukkaða byltingu í Ungverjalandi árið 1848 neyddist fiðlusnillingurinn Eduard Reményi til að flýja land. Um skeið var Brahms meðleikari hans á tónleikaferðum og þar kviknaði áhuginn á ungverskri sígaunatónlist, því að fiðlarinn lagði í vana sinn að ljúka tónleikum með spuna um stef frá heimalandi sínu.

Á meðan Brahms lifði voru *Ungverskir dansar* (1869/1880) einmitt hans vinsælasta verk, 21 smálag fyrir fjórhent píanó en síðar umritaði hann allmörg þeirra fyrir hljómsveit. Fáein stefjanna voru frumsamin en flest fékk hann að láni hjá Reményi eða kaffihúsa-spilurum sem hann hafði heyrt leika hér og þar. Fimmti dansinn er

einmitt dæmi um þetta. Brahms hélt sjálfur að lagið væri þjóðlag, en í grunninn er um að ræða csárdás eftir vinsælan ungverskan danslagahöfund, Béla Kéler að nafni.




EDVARD GRIEG

Í HÖLL DOFRAKONUNGS

Þegar Henrik Ibsen samdi *Pétur Gaut* árið 1867 kallaði hann verkið „dramatískt ljóð“ og ætlaðist ekki til þess að það yrði sett á svið. Sjö árum síðar snerist honum hugur og sá fyrsti sem fékk að vita af þessum áformum skáldsins var Edvard Grieg (1843–1907). Hann kvartaði raunar undan því að sér myndist „hryllilega erfit“ að semja tónlist við leikritið enda leið hálf tannað ár áður en tónlistin var fullgerð. Ibsen sjálfur var hæstánægður með tónlist Griegs og þótti hún „gera pilluna svo sæta að almenningur gat gleypst hana.“

Í fyrsta þætti leikrítisins dregst Pétur að Sóolveigu, en í öðrum þætti kynnist hann grænklæddri konu sem er dóttir Dofrakonungs. Saman ríða þau á svínsbaki til hallar konungs þar sem tröllin eru í uppnámi og róast ekki fyrir en Pétur lofar að kvænast dótturinni og taka upp tröllasiði. Tónlistin sem hljómar í höll Dofrakonungs er þungstíg, byrjar örveikt en magnast upp í kraftmikinn og ógurlegan dans.



CARL ORFF

CARMINA BURANA

Í Ríkisbókasafninu í München er að finna handrit frá fyrri hluta 13. aldar sem kallað hefur verið *Carmina Burana*, sem er latína og þýðir Söngvar frá Bæjaralandi. Það hefur að geyma yfir 250 kvæði um ástir og örlög, drykkju og lífsnautnir. Fæst af því átti erindi í guðsorðabækur en til allrar hamingju hafa textarnir varðveist í nokkrum handritum sem gefa dýrmæta innsýn í horf inn heim.

Kvæðin komu fyrst fyrir almenningssjónir árið 1847, og tæppi öld síðar kveiktu þau í ímyndunarafli þýska tónskáldsins Carl Orff (1895–1982). Hann var að mestu sjálfnuma í tónsmíðum og

hafði lítið látið að sér kveða, en með *Carmina Burana* hitti hann á sannkallaða draumaformúlu. Hann leitar í fornan tónlistararf og semur laglínur sem minna ýmist á munkasöng miðalda eða ævagömul þjóðlög. Í stað dúr og moll notar hann kirkjutón- tegundir og hendingarnar hafa takmarkað tónsvið, hringsóla stundum um örfáa tóna sem gefur þeim seiðandi blá. Melódískt innihaldið einkennist af naumhyggju en rytmísk uppbygging verksins er ágeng og kraftmikil.

Það að Orff skuli hafa slegið í gegn í Þýskalandi árið 1937 er kannski engin tilviljun. Af heimildum að dæma var hann reiðubú- inn að tefla með pólitíska sannfæringu sína þegar þess var krafist; hann gerði til dæmis nýja tónlist við *Draum á Jónsmessunótt* þegar leikhúsmúsík gyðingsins Mendelssohns þótti ekki lengur brúkleg. En *Carmina Burana* fer sína sigurgöngu um heiminn hvað sem því líður. Að síðustu óperum Richards Strauss undanskildum er þetta eina tónverkið sem varð til í þúsundaráriki Hitlers sem hefur allar götur síðan átt sinn sess á tónleikaskráum um víða veröld.



PJOTR TSJAJKOVSKÍJ

PIANÓKONSERT NR. 1, FYRSTI ÞÁTTUR

Sagan hefur að geyma ótal dæmi um listaverk sem vöktu hneykslan eða andúð í upphafi en sem síðari kynslóðir hafa talið til meistaraverka. Sjaldan hefur dómharkan þó verið jafn óskiljanleg og hjá Nikolai Rubinstein, rússneska píanósnillingnum sem var rektor Tónlistarháskólans í Moskvu. Á aðfangadagskvöld 1874 lék Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) glænýjan pianókonsert sinn fyrir Rubinstein í þeirri von að fá hjá honum hvatningu, og hugsanlega fáeinar athugasemdir um eitthvað sem betur mætti fara. Viðbrögðin rakti Tsjajkovskíj í bréfi þremur árum síðar:

„Ég lék fyrsta kaflann. Ekki eitt orð, ekki ein athugasemd! Ég ákvað að vera hugrakkur og spilaði verkið allt í gegn. Enn þögn. Ég stóð á fætur og spurði, „Jæja?“ Þá hófst orðaflaumurinn, fyrst hæglátur en tók smám saman að líkjast þrumuraust Júpíters. Hann sagði að konsertinn minn væri óspilandi, einskis virði, og svo óhönduglega saminn að ómögulegt væri að lagfæra hann; að verkið væri lélegt og yfirborðslegt; að ég hefði stolið þessum bút héðan og hinum þaðan.“ Hvað vakti svo hörð viðbrögð? Verkið er augljóslega ekki óspilandi, þótt Tsjajkovskíj hafi kannski ekki fyllilega ráðið við að leika einleikspartinn sjálfur, enda voru hæfileikum hans sem píanisti takmörk sett. Það sem virðist hafa farið mest í taugarnar á Rubinstein var óhefðbundin uppbygging

fyrsta kaflans. Síðari kynslóðir hafa þó sætt sig við hina óvenjulegu framvindu og nú til dags dettur engum í hug að fetta fingur út í hana.



JOHANN SEBASTIAN BACH

AIR ÚR HLJÓMSVEITARSVÍTU NR. 3

Svítan var eitt vinsælasta viðfangsefni þýskra tónskálda á fyrstu áratugum 18. aldarinnar. Svíta er syrpa af dönsu, sumum hægum en öðrum hröðum, sem hver um sig ber sérstaka yfirskrift. Svítur gátu ýmist verið fyrir einleikshljóðfæri (sembal, fiðlu, selló, o.s.frv.), kammerhóp eða hljómsveit. Vinsældir svítunnar má rekja til frönsku hirðarinnar á síðari hluta 17. aldar, en Loðvík fjórtándi var mikill áhugamaður um dans.

Johann Sebastian Bach (1685–1750) samdi fjórar hljómsveitarsvítur. Er talið að hann hafi samið þær flestar í Leipzig um 1730, þegar hann hafði tekið við stjórn stúdentahljómsveitarinnar Collegium musicum sem hélt tónleika einu sinni í viku yfir vetrartímam, á föstudagskvöldum á kaffihúsi Gottfried Zimmermans. Arian er eitt vinsælasta verk Bachs, sem ætlaðist hvorki til þess að hún væri leikin á lúshægum jarðarfararhraða né heldur á G-streng fiðlunnar – sú nafngift kom fyrst fram í útsetningu fyrir fiðlu og píanó árið 1871. Yfirskriftin „Air“ þýðir einfaldlega að hér er ekki um dansþátt að ræða í hefðbundnum skilningi, heldur meðalhraðan þátt sem minnir meira á einsöng, eða aríu.




ANTONIO VIVALDI

VORIÐ, FYRSTI ÞÁTTUR

Konsertarnir fjórir eftir Antonio Vivaldi (1678–1741) sem bera yfirskriftina *Árstíðirnar fjórar* hafa náð fáheyrðum vinsældum miðað við það sem gerist og gengur í klassíska tónlistarheiminum. Vinsældir Árstíðanna eru þó ekki bundnar við nútímann. Konsertarnir voru útbreiddasta verk höfundarins á sinni tíð, fyrstu fjórir af tólf konsertum op. 8 sem komu út á prenti í Amsterdam árið 1725 og fóru eins og eldur í sinu um álfuna.

Vivaldi samdi alls um 500 konserta – þar af yfir 230 fyrir einleiksfiðlu – og hann átti stóran þátt í að festa formið í sessi. Nótunum fylgdu fjórar sonnettur, ein fyrir hvern konsert, og er jafnvel talið að Vivaldi hafi ort þær sjálfur. Í tónlistinni kennir ýmissa grasa. *Voríð* og *Haustið* eru ljúfir og leikandi konsertar þar sem náttúran skartar sínu fegursta. Í upphafskafla vorsins ber einna mest á fuglum sem kvaka dátt og flögra um loftin blá.



MAURICE RAVEL

BOLERO

Maurice Ravel (1875–1937) á að hafa sagt: „Ég hef samið eitt meistaraverk, og það er *Bolero*. Því miður er engin tónlist í því“. Í raun hitti tónskáldið hér naglann á höfuðið, því að hið músíkalska innihald verksins er ekki upp á marga fiska. Það samanstendur í rauninni aðeins af siendurteknum hrynjernum og einföldu stafi sem er endurtekið aftur og aftur í sautján mínútur. Snilld verksins felst einmitt í því að Ravel tekst að byggja upp spennu gegnum stigvaxandi dýnamík og síbreytilega hljóðfæranotkun, án þess að hlustandinn verði nokkurn tímann leiður á því sem fyrir eyru ber.

Ravel samdi *Bolero* samkvæmt beiðni ballettdansmeyjunnar Idu Rubinstein, sem langaði að semja dans við spænska tónlist. Upphaflega vildi hún að Ravel útsetti fyrir sig píanólög eftir Albeniz, en þegar útgefandinn synjaði þeim leyfis tók Ravel sig til og samdi sitt eigið verk í staðinn. Bolero er spænskur dans sem naut hylli á 19. öld og er löngu orðinn hluti af þjóðardanshefðum Andalúsíu og Kastilíu. Verkið hefst á dæmigerðum bolero-hrynjernum og smám saman bætast hljóðfærin við þar til hljómsveitin leikur öll af fullum krafti. Sagan segir að eftir frumflutninginn hafi kona komið að máli við Ravel og sagt: „Þetta nýja verk er hreinasta brjálæði!“ Tónskáldið svaraði: „Þá hafið þér skilið það fullkomlega!“



LUDWIG VAN BEETHOVEN

SINFÓNÍA NR. 9, LOKAPÁTTUR

Óðurinn *An die Freude* (Til gleðinnar) eftir Þýska skáldið Friedrich Schiller var ekki nýr þegar Beethoven tónsetti hann seint á ævinni. Kvæðið hafði birst í fyrsta sinn á prenti árið 1786, í aðdraganda frönsku byltingarinnar, og var á sinn hátt dæmigert fyrir tíðarandann. Í því tjáir skáldið hugmyndir um frelsi, jafnrétti og bræðralag meðal manna. Þemur áratugum síðar var allt breytt og óðurinn sem Beethoven las með áfergi á unglingsárum var flestum gleymdur. Verk Schillers komust á bannlista í Vínarborg eftir frönsku byltinguna og sáust ekki aftur á prenti fyrr en nokkuð var liðið á nýja öld. Í Níundu sinfóníu sinni (1822–24) klæðir Beethoven kulnaðan æskudraum upp sem bjarta framtíðarsýn.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt Níundu sinfóníu Beethovens tíu sinnum, og í hvert sinn hefur þurft fleiri en eina tónleika til að anna eftirspurn. Róbert A. Ottósson stjórnaði verkinu í fyrsta sinn á Íslandi árið 1966, og aftur 1970, og í bæði skiptin söng Söngsveitin Filharmónía. Hljómsveitin lék Níundu sinfóníuna í heild á opnunartónleikum sínum í Hörpu 4. maí 2011 undir stjórn Vladimirs Ashkenazy og aftur í lok Beethoven-hrings í Hörpu 7. og 8. júní 2012, undir stjórn Hannu Lintu. Þá söng Mótettukór Hallgrímskirkju kórpertinn rétt eins og í kvöld, en einsöngvarar voru Hulda Björk Garðarsdóttir, Nathalía Druzín Halldórsdóttir, Andrew Kennedy og Ágúst Ólafsson.

Sinfónían er í fjórum þáttum og sá síðasti, *Óðurinn til gleðinnar*, er óvenjulegastur þeirra. Þegar tónlistin virðist komin í sjálfheldu stígur einsöngsbassi fram og syngur frumortan texta tónskáldsins, inngangsorð að kvæði Schillers: „Æ, vinir, ekki þessa tóna!“ Svarið við þessari áskorun er *Óðurinn til gleðinnar*, sem hljómar í allri sinni dýrð í flutningi kórsins. Þátturinn er eins konar tilbrigði við þetta stef, og þar kennir ýmissa grasa. Meðal annars syngur tenóreinsöngvari í „tyrkneskum stíl“ og einnig hljóma stef sem minna á kirkjutónlist.

Boðskapur Níundu sinfóníunnar hefur verið nýttur í þágu góðs og ills. Hún var leikin við setningu Ólympíuleikanna í Þýskalandi nasismans 1936; haustið 1989 var hún flutt á tónleikum sem sjónvarpað var um allan heim frá Berlín til að fagna því að múrin milli austurs og vesturs var fallinn. *Óðurinn til gleðinnar* hefur enn pólitíska skírskotun, því hann hefur um árabil verið einkennisstef Evrópusambandsins. Ástæða þess að svo margir hafa eignað sér Níundu sinfóníuna er augljós. Hún er stórfenglegt listaverk sem er á sinn hátt hafið yfir stund og stað. Þó er verkið sem slíkt mótað af þeim veruleika sem blasti við Beethoven á síðustu árum hans. Í því býr afturhvarf til draums um ríki frelsis og jafnréttis sem aldrei varð.

Arni Heimir Ingólfsson

HLJÓMSVEIT Á TÓNLEIKUM

2. SEPTEMBER 2016

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Mark Reedman
Lin Wei
Ágústa María Jónsdóttir
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Martin Frewer
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Vera Panitch
Pascal La Rosa
Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Laufey Jensdóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Daniel Schmitt
Eyjólfrur Alfreðsson
Þórarinn Már Baldursson
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Sarah Buckley
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Bryndís Halla Gylfadóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir
Júlía Mogensen
Lovísa Fjeldsted
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Emilía Rós Sigfúsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Felicia Greciuc
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Helga Björg Arnardóttir

SAXÓFÓN

Sigurður Flosason
Ólafur Jónsson

FAGOTT

Michael Kaulartz
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Ásgeir Steingrímsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Carlos Caro Auilera
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson
Helgi Þorleiksson

HARPA

Katie Buckley

PIÁNÓ

Valgerður Auður Andrésdóttir

PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

SEMBALL

Guðrún Óskarsdóttir

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Osmo Vänskä *aðalgestastjórnandi*
Vladimir Ashkenazy *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Greipur Gíslason *verkefnastjóri*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Jökull Torfason *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott **ástarsamband**, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.


GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

2016



2017

NÝTT STARFSÁR KYNNT TIL LEIKS **SINFONIA.IS**

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð. Komdu við í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is og gakktu frá kaupunum.

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA